

Gamlir draumar og naflaskoðun



Höfðingjar í Öxará.

Ljósmynd Jón Gestur Ólafsson.

Öll þekkjum við klisjuna um gamla drauma og hversu gamlan væri að láta þá rætast. Margir hverjir eru fjarlægir og í raun þesslegir að líkurnar á að þeir rætist eru stjarnfræðilegar. Aðrir standa manni nærri, svo nærri að skipulagsleysi er eina ástæða þess að þeir hafa ekki ræst. Einn slíkur varð nýlega að veruleika hjá greinarhöfund, ég hafði sumsé aldrei litið lifandi Þingvallaurriða berum augum þrátt fyrir ótal veiðiferðir að vatninu. Á heimleið úr Miðhúsaskógi um miðjan október var ákveðið að kíkja ofan í Öxará. Ég verð að viðurkenna að sú sjón sem við mér blasti var enn mikilfenglegri en mig hafði grunað. Oft hafði ég heyrt sögur af risunum svamlandi í ánni og séð myndir af Jóhannesi Sturlaugssyni með Svilhjálm vin sinn í fangbrögðum. En maður lifandi; konur, börn hundur og þaulvanir veiðimenn stóðu agndofa uppi á gömlu brúnni við Valhallarstæðið og horfðu á skepnurnar slást og bítast upp og niður með allri ánni.

Þarna rættist gamall draumur í ekki nema 45 mínútna fjarlægð frá Reykjavík. Það er semsagt ekki alltaf dýrt, fjarlægt eða

flókið að koma hlutum í verk og láta drauma rætast. Nú eða að fara í naflaskoðun. Á fjörtíu ára afmælisári Ármanna er vert að líta um öxl, skoða söguna og hugsa til baka hvað vel hefur verið gert og hvað betur hefði mátt fara. Þó er mun mikilvægara að líta til framtíðar með opnum hug. Hvar standa Ármenn og hvert stefnum við á breyttum tímum? Nú skal skoða djúpt í sálarvetrið og leita til félagsmanna en ekki einblína eingöngu á stjórn og nefndir. Því hefur stjórn félagsins ákveðið að blása til nokkurskonar þjóðfundar í Árósum 12. nóvember næstkomandi. Unnið var slembiúrtak úr félagaskránni, haft var samband við um þrjátíu félagsmenn og þeim boðið að sitja fundinn. Niðurstöður þessa fundar verða svo kynntar síðar í vetur og verða leiðbeinandi fyrir stjórn í myndun framtíðarstefnu félagsins. Það er nefninlega þannig að enginn félagsskapur er stærri en félagarnir sjálfir, það eru einmitt þeir sem eru hjarta og sál félagsins. Nú skal farið í naflaskoðun!

Árni Þór Sigurðsson #382

Björn á völlumum



Áróður hitti Björn Grétar Sveinsson stjórnarmann í Ármönnum og átti við hann stutt spjall um veiðivörsluna í Þingvallavatn. Okkur lék forvitni á að vita hans upplifun af verkefninu, en Björn var einn af þeim veiðimönnum sem tóku að sér það göfuga sjálfbodastarf að fylgjast með umgengni við vatnið á liðnu sumri. Eins og flestir vita þá stóð til að næturveiði yrði bönnuð sökum slæmrar umgengni og skrísláta. Við þetta reis veiðisamfélagið upp á afturlappirnar og úr varð samstarf milli veiðimanna annars vegar og þjóðgarðsins hins vegar. Veiðimenn úr ýmsum áttum sem flestir áttu það sameiginlegt að verja talsverðum tíma við Þingvallavatn voru fengnir til verksins, sem var ólaunað með öllu. Þetta gerðu menn af hugsjón.

Björn er einn af þeim sem elskar vatnið og gengur um það af mikilli virðingu. „Mér fannst drykkjulæti ekki vera vandamál og varð ekki mikið var við það, makrílveiðin sem var orðin talsvert mikil virtist færast til og ég vissi um hana á öðrum stöðum í vatninu. Það sem mér fannst verra og ég sá mikið af var almennt rusl og þá nefni ég girnisspotta sérstaklega, þetta er eitthvað sem við megum bæta úr“. Birni finnst að það þyrfti að samræma betur veiði- og umgengnisreglur í öllu vatninu. „Þá meina ég öllu vatninu, það er t.d. ekki tækt að menn komi siglandi á bátum upp að þjóðgarðslandinu þar sem bátaveiði er bönnuð, samræming reglna væri til bóta“. Einnig veit hann til þes að makrílveiði sé stunduð þar sem ekki sést til manna, þá er sérstaklega egnt fyrir stóruurriðann og hann drepinn í tugatali. Björn telur að varslan hafi engu að síður tekist mjög vel. „Flestir sem ég hitti voru mjög sáttir og tóku þessu framtaki vel“. Björn vill hrósa þjóðgarðinum fyrir sitt starf og vill meina að þjóðgarðsverðirnir hafi staðið sig vel í sumar. Sem sagt samstillt átak sem gekk upp að mati Björns.

Nú að veiðinni sjálfri, Björn segist ekki muna hversu oft hann hafi sótt vatnið heim í sumar en segist hafa verið nokkuð iðinn. „Þetta eru einhverjir tugir skipta, ég er hættur að vinna og hef nægan tíma í þetta, þetta er mitt vatn og þarna líður mér vel.“ Hann segist heldur ekki vita nákvæmlega hversu margar bleikjur hann hafi veitt í sumar. „Þetta hafa sennilega verið tæplega 300 stykki. Ég er vinsæll í sundlauginni þegar ég kem með reyktu bleikju, eins er í kringum mig stór hópur af fólki sem nýtur góðs af þessu. Ég set líklega mest í reyk hugsa ég.“ Hann segist veiða helst í kringum Öfugsnáðann, Vatnsvíkinu og hann á sína staði í Arnarfellinu. „Þar var maður stundum einn, nú fær maður varla bílastæði. Með fjölgun veiðimanna er enn mikilvægara að menn sýni hvor öðrum tillitssemi, fyrir nokkrum árum var mér hótad lífláti af veiðimanni sem ég vogaði mér að yrða á, en hann kom á eftir mér á ákveðinn stað og byrjaði nánast að kasta yfir línuna mína.“ Þetta er vonandi fáheyrt. Björn veiðir sennilega mest á flotlínu en einnig svolítið á intermediate. „Þetta er svona klassískt, flotlína, langur taumur og peacock. Þó notaði ég svolítið af vinyl rib púpum í sumar og tökuvara.“ Nú birtast nokkrir húsnefndarmenn Ármanna í Árósum þar sem bið Björn sátum og veðrast allir upp þegar þeir heyra að við erum að tala um flugur og Þingvelli, Gísli Jón Helgason og Örn Daníelsson nefna strax Watson Fancy og við segjum allir í kór „númer 14“ svona eins og það hafi verið fyrirfram æft.

*Áróður þakkar
Birni fyrir spjallið.*

Fagurt er í Fjörðum



Alltaf er gaman að kaupa sér veiðileyfi á miðjum vetri og láta sig dreyma um komandi veiðiferð á ókunnar slóðir þar sem vænir silungar bíða veiðimannsins. Þannig var það með mig síðast liðinn vetur þegar ég keypti veiðileyfi í Hvalvatnsfjarðará í Fjörðum. Fjörður er samheiti yfir dalina sem ganga upp af Þorgeirsfirði og Hvalvatnsfirði en það eru nyrstu firðirnir á skaganum á milli Eyjafjarðar og Skjálfaflóa.

Veiðidagurinn var ákveðinn 31. júlí og lagði ég af stað norður deginum áður. Spáin hljóðaði uppá NV átt og 5°C með rigningarsudda. Gekki það eftir, fjörðurinn tók á móti mér með þoku og sudda seint um kvöldið fyrir veiðidaginn. Þetta svæði er snjóþungt og aðeins viku áður hafði vegurinn verið opnaður úti Fjörðum. Í því felast líka nokkur þægindi þar sem hægt er að ná sér í snjó í frauðkassann, á há heiðinni, til kælingar á væntanlegum afla. Þessi fallegi fjörður er allur í eyði en hægt er að tjalda með góðu móti á tveimur stöðum. Á Gili og Kaðalstöðum en þar er vatnssalerni og rennandi vatn í krana. Einnig er hægt að kaupa sér gistingu í sæluhúsi á Gili.

Ég valdi að tjalda á Kaðalstöðum í suddanum. Morguninn eftir var hægletis norðangola og þokuruðningur niður í miðjar hlíðar. Leitinn að sjóbleikjunnunni byrjaði hjá mér í vatninu innan við ósinn og stóð hún megnið af deginum án árangurs. Margir fallegir staðir eru í ánni innan í dalnum sem hljóta að geyma marga fiska þó ekki hafi ég fundið þá í þessari ferð. Lengst af leið mér eins og ég væri einn í heiminum með rollunum, fuglunum og refnum í dalnum, kyrrðin alger og engar mannaferðir. Því brá mér nokkuð þegar ég leit uppúr ánni og vestur yfir á hinn bakkann þar sem silaðist hópur ferðamanna á hestbaki. Eftir að hafa farið upp með ánni ákvað ég að skoða ósinn aftur og útfallið þar sem að háflóð átti að vera um sjö leytið síðdegis. Þetta bar árangur og fyrir rest náði ég fjórum falllegum sjóbleikjum í útfallinu. En það var eins og að flugurnar væru allar einnota. Því ég varð ekki var nema einu sinni á hverja gerð af flugu. Alltaf lærir maður eitthvað nýtt.

Þetta veiðisvæði er fallegt og meira vatn á ferðinni en ég hafði ímyndað mér. Mjög lélegt farsímasamband er í dalnum og léleg útarvarkilyrði sem mörgum þykir nú bara kostur. Ég fer aftur í Hvalvatnsfjörð við tækifæri.

Eiríkur Indriði #737



Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Krafla.is
Veiðportið í Reykjavík
Flugukofinn í Keflavík
og Veiðivörur.is á Akureyri

Fluguboxið



Jón Bragi Gunnarsson er Ármaður #315. Hann hefur eytt löngum stundum við árbakka og vötn og veitt fisk eða tvo yfir ævina, dundað sér við að vefja lykklur á stangir og fjaðrir á öngla, verið gjaldkeri Ármanna í stjórnartíð Sigga Ben og hlaut silfurnælu fyrir vel unnin störf hjá SVAK. Við vitum að hann á nokkur flugubox og vildum aðeins að fá að kíkja í þau. Það fannst honum hið minnsta mál og báðum við hann um að lýsa því sem fyrir augu þar.

“Flugurnar sem eru í boxunum mínum í dag bera þess merki að ég bý norðan heiða. Í þeim eru færri Hlíðarvatnsflugur en voru fyrir rúmum tíu árum. Nú eru þar helst þungar púpur s.s. Pheasant tail, Krókurinn og rauðar og brúnar vinylpúpur, helst í mismunandi þyngdum sem ætlað er að eigna fyrir sjögengna bleikju í Eyjafirði eða fyrir urriða í Mývatnssveit og Laxárdal. Þó eru nokkrar flugur sem hafa fylgt mér lengi, eins og Black Ghost, Yellow streamer, tvær gerðir af mýlirfu, létt og þyngd og ein vorflugueftirlíking, þurrfluga. Ég held að allir sem hafa gaman af að hnýta flugur hafi einhvern tíma valið flugu sem þeir hafa séð og breytt henni eftir sínu höfði.

Yellow streamer gerði ég vegna þess að ég var ekkert góður að hnýta Rektorinn hans Kolbeins svo að ég bjó til flugu sem er gul eins og Rektor, er fljóthnýtt og einnig hafði ég verið að fíkta við að lita fluguhnýtingarefni og náði að lita badger hanahnakka svona fallega „gull“-gulan. Liturinn var frá Veniard sem KK heitinn var svo rausnarlegur að gefa mér en ég sótti Litlu fluguna mikið á þessum árum. Síðan hefur hún tekið smá breytingum, aðallega með því að ég hef fækkað eða fjölgað efnum í henni, svona eftir smekk hverju sinni.

Ármennt áttu á þessum árum gott safn af fluguhnýtingarspólum sem ég hafði gaman af að skoða. Ein eftirminnileg spóla var með Bob Carnill, líklegast frá því upp úr 1980, enskum hnýtara sem mér fannst áhugaverður. Hann brúkaði ekki keflishöldu heldur notaði þvottaklemmu til að halda við þráðinn meðan hann var ekki að vefja með honum. Auk þess bar hann vax á þráðinn upp á gamla máttann. Ein fluga sem hann hnýtti á þessu bandi fannst mér mjög flott og fór ég að hnýta hana. Það var mýpúpueftirlíking sem var mjög lík náttúrulegri mýlirfu. Þessi fluga hefur líka tekið smá breytingum með tímanum og hef ég reynt að hnýta hana sem smæsta, helst í stærð 16-18. Hún hefur oft reynt mér vel í urriðanum þegar hann er vandfýsinn og tekur lirfu rétt undir yfirborðinu. Ég held að þessi fluga sem Bob Carnill hnýtti í myndbandinu hafi haft áhrif á marga sem nú eru að hnýta fallegar mýpúpueftirlíkingar. Upp frá þessari flugu þróaðist síðan þyngda mýlirfan sem hefur gefið mér einhverja mestu dagsveiði í Mývatnssveit. Galdurinn við hana er silfurkúlan, hún verður að vera frá Veniard því það þarf að glitrar vel á hana.

Caddis þurrfluguna hnýtti ég snemma en hún er sértök að því leyti að búkur og vængur eru byggð upp samtímis í þremur hlutum. Seinna kenndi Kolbeinn mér að sviða hringvöfðu fjaðurfanirnar að neðan til að fá meiri fyrirstöðu á vatninu og þá lá flugan lárétt á vatnsfletinum. Fleiri flugur hafa síðan bæst við eftir því sem þær koma fram á sjónarsviðið eins og t.d. Klinkhammer og fleiri flugur.”



Yellow streamer, mýpúpan og Caddisinn, ásamt góðum vinum.

Minning um homma

Eins og glöggir Ármenn sem erindi áttu í Hlíðarsel á liðnu sumri tóku eftir, þá hafa átt sér stað miklar breytingar á aðkomu hússins. Okkar heittelskaði hommastígur hefur tekið miklum breytingum og það til hins betra segja sumir, aðrir eru ekki jafn sammála. Sumir benda jafnvel á að „homminn“ (eins og hann var nefndur í daglegu tali) hafi allt að því verið friðlýst náttúrufríbærir sem hefði átt að

varðveita. Hverju sem því liður þá er aðkoman orðinn snyrtilegri og þægilegri og á ábyggilega eftir að venjast vel. Í það minnsta á mjaðmahnykkjum eftir að fækka þegar gengið er frá bílastæðinu að húsinu. Þeim ber að þakka sem lögðu hönd á plóginn við lagningu nýja stígsins. Vel gert.

Myndirnar tala sínu máli.



Umhverfismatið gleymdist



„Það var hann sem byrjaði!“



„Jæja, ég verð með.“



Bílastæðið gert hjólastólavænt



Enn er leyfilegt að ganga í kantinum

Uppskriftin



Er ekki frystirinn fullur af frosnum reyktum bleikjum, truttum eða löxum eftir sumarið? Hér er ein fin aðferð við að koma einhverju af birgðunum fyrir kattarnef.

2 Hvítlauksgeirar

1 Skarlottulaukur

Smjörklípa

Sletta eða tvær af rjóma

Reyktur lax eða silungur, skorinn í strimla

Sóðið spagetti

Hvítlaukur og skarlottulaukurinn steikt í smjörinu, reykti fiskurinn rétt látinn svissast með í lokin og hellt yfir. Þá er svörtum pipar boðið í partíð. Suðunni náð upp og spagettiinu hellt út á og blandað saman. Hellt á disk.

Fínt að setja parmesan og td. kapers til bragðauka. Og hlutföllin eru sko ekkert heilög, passa bara að setja ekki of mikið af fisk. Reykbragðið magnast við hitunina.



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000
Freyjunesi 4
603 Akureyri

4 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Smiðjuvegi 11
200 Kópavogi

Hlíðarvatn í nokkrum tölum og orðum



Nú er sumarið liðið og búið að skila inn veiðibókinni fyrir Hlíðarvatn. Margt áhugavert kom í ljós þar en flestir eru sammála um hverju margar stórar bleikjur veiddust nú í sumar.

En fyrst verður farið yfir nokkrar skemmtilegar staðreyndir.

Mínstur hiti á veiðitímabilinu í ár mældist í Selvogi -8.6°C í maí miðað við -5.5°C í fyrra. Hærri hiti mældist nú í ár, 22.3°C í júlí en þar munar um slétta eina gráðu. Engu munaði í meðalhita bæði árin í maí og sept en það vantaði rúmlega 1.5° upp á hina mánuðina.

Allir þurfa vatn og því viljum við hafa einhverja úrkomu. Þurrkar síðasta sumars og hátt hitastig í vatninu var mögulega einn mesti áhrifavaldurinn að lakri veiði það árið. En núna var annað í stöðunni. Á Vogsósum er mæld úrkoma daglega og veiðisumarið 2012 voru það 56 úrkomudagar sem skiluðu 273 mm á móti 86 dögum með 575 mm í ár.

En þá að Veiðibókinni. Alls voru skráðir á þessar 3 stangir sem við Ármenn höfum sléttir og sleipir 230 fiskar.

130 af þeim veiddust í maí og 54 í júliskotinu ef skot mætti kalla, en þeir sem fóru til veiða voru flestir í fínnum málum og var Botnavíkin heitust. Veiðin skráðist á 22 daga í maí (sem gerir um 2 fiska á stöng), 12 daga í júní og júlí, 7 í ágúst og aðeins 1 í sept. Sumsé 54 dagar af 153 mögulegum sem gáfu fiska.

Stórasti fiskurinn, þessi frægi, var 67 cm en 4 fiskar veiddust yfir 60 cm, 31 yfir 50 cm og 108 sem voru yfir 40. Meðallengdin var sú sama fyrstu 3 mánuðina, í kringum 38 cm en svo hoppaði hún upp í 48 cm síðustu 2 mánuðina. Samtals veiddist rúmlega 91 metri af bleikju en það ætti sko að vera nóg í nokkrar bollur.

Ein flundra veiddist fyrir neðan stíflu og tók hún hvíta púpu númer 12 að sögn veiðimanns. Tveir fiskar veiddust á spún, 73 á flugur sem innihéldu orðið „Peacock“, 32 á „Krókin“ og rest á allskonar dúlleri.

Berjaspretta brást frá því í fyrra en mögulega eru lyngin bara enn í sjokki. Óvenju mikið virtist af tófu í hlíðinni og mýs gerðu sig heimakomnar í Hlíðarseli í byrjun tímabils. Dósatunnur voru fullar og örlítið meira var notað af gasi en vanalega og er það merki um að veiðimenn hafi bara haft það gott.

JOAKIM'S

MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA

STANGIR, HJÓL OG LÍNUR
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖDLUR

ALLTAF GOTT VERÐ
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651

Vetrardagskrá í Árósum 2013-2014

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22
Opið hús á völdum miðvikudagskvöldum frá kl. 20-22

Auglýstir viðburðir

21. október mánudagur	Árósar opna með Skeggi og skotti
31. október fimmtudagskvöld	Aðalfundur LS kl. 20
11. nóvember mánudagur	Straumflugupema í Skegg og skott
25. nóvember mánudagur	Kúluhausapema í Skegg og skott
4. desember miðvikudagur	Aðventukaffi og bókakynning
9. janúar fimmtudagur	Síðasti skiladagur veiðileyfaumsókna
21. janúar mánudagur	Afgreiðsla veiðileyfa kl. 20-22
23. janúar miðvikudagur	Afgreiðsla veiðileyfa kl. 20-22
25. janúar laugardagur	Þorrablót
13. mars fimmtudagur	Aðalfundur Ármanna kl. 20
12. apríl laugardagur	Vorfagnaður kl. 14
Helgin 26.-27. apríl	Hlíðarvatnshreinsun

Ýmislegt fleira er í deiglunni í vetur. Meðal annars mæta gestahnýtarar, haldnar verða veiðisvæðakynningar og sitthvað fleira. Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í Áróði og á heimasíðu Ármanna www.armenn.is

Í næsta hefti verður fjallað um veiðiferð Áróðurs til Írlands.



ARMENN
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is